

Fyrirsögn II. kafla verði:

4. gr.

**Um stríðsslysaftryggingar.**

5. gr.

15. gr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að skylt sé að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim, sem vátryggðir eru, iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

21. gr. falli niður.

7. gr.

23. gr. orðist svo:

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða eftir reglum sem ráðherra setur nema um annað semjist í kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna.

8. gr.

24. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977 og ber þá stjórn Íslenskrar endurtryggingar að gefa út skirteini skv. 8. gr. til eigenda áhættufjár fyrir þeirri aukningu, sem fólgin er í 1. gr., enda nýtur hún arðs frá þeim tíma. Þessi aukning áhættufjár er undanþegin tekjuskatti og útsvari.

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

**L Ö G**

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálma við akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

**2. gr.**

Við 8. málsgr. 60. gr. laganna bætist:

Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann léttis bifhjól.

**3. gr.**

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:

Vanræksla á notkun hlífðarhjálms, sbr. 4. mgr. 59. gr. og 8. mgr. 60. gr., leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

**4. gr.**

Breytingar þessar á umferðarlögunum taka gildi 1. jan. 1978.

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**L Ö G****um Skálholtsskóla.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í Skálholti starfar skóli, er heyrir undir menntamálaráðuneytið. Nefnist hann Skálholtsskóli.

**2. gr.**

Skálholtsskóli starfar í anda norrænna lýðháskóla. Markmið hans er að stuðla að aukinni almennri menntun og þroska nemenda sinna og dýpka skilning þeirra á félags- og menningarlífi samtíðarinnar.

Skólinn vinnur að varðveislu þjóðlegrar menningararfleifðar íslendinga.

Skólinn starfar á grundvelli kristinnar kirkju.

**3. gr.**

Árlegur starfstími skólans er níu mánuðir. Heimilt er að skipta starfstímanum í námskeið. Hluti skólastarfs getur farið fram að sumri.

**4. gr.**

Starfsemi skólans greinist í:

## a) Almenna deild.

Almenna deildin veitir almenna framhaldsmenntun þeim, sem að loknu skyldunámi eða litlu síðar hafa horfið úr skóla, en vilja taka þráðinn upp að nýju.

## b) Valfrjálsar deildir.

Skólinn býður nemendum ýtarlegri fræðslu eftir frjálsu vali. Í því skyni starfa við hlið almennrar deildar minni deildir, þar sem nemendur einbeita sér